

## REIKNIMEISTARAR ALMANAKSINS

*Hæfileikar á borð við þá, sem þarf til að finna,  
að það séu eðlisskyldir atburðir,  
að mánninn líður og epli fellur,  
munu aldrei hafa birzt á Íslandi og sjaldan annarsstaðar.*

LEIFUR ÁSGEIRSSON

ÞEGAR *Almanak um árið 1923* eftir *Krists fæðing* birtist lesendum sínum, gat að líta nýmæli, því að á titilblaði stóð, að „reiknað [hefðu] eftir hnattstöðu Reykjavíkur [...] og íslenskum meðaltíma og búið til prentunar *Ólafur Daníelsson* dr. phil. og *Porkell Porkelsson* cand. mag.“ Hið næsta almanak á undan, *Almanak um ár eptir Kristis fæðing 1922*, var hins vegar, svo sem gert hafði verið frá ómunatíð, „reiknað handa Reykjavík á Íslandi eptir íslenskum meðaltíma af Stjörnuturninum í Kaupmannahöfn“. Þar í turni ríkti þá Elis Strömngren, prófessor í stjörnufræði við Hafnarháskóla, og var hann því hinn síðasti útlendi reiknimeistari *Íslandsalmanaksins*. Þetta var sá lærimeistari, sem nokkrum árum síðar fékk hinar miklu mætur á Steinþóri Sigurðssyni, er áður var vikið að og Sigurkarl Stefánsson sagði frá [bls. 100]. En á fleiri lærisveinum sínum hafði hann þá mætur, því að samtíða Steinþóri í námi var þar sonurinn Bengt, sem varð magister níttján ára og varði doktorsritgerð 21 árs að aldri; varð svo um sína daga hinn fremsti stjörnufræðingur Dana.

Í hið reikningslega stórvirki, sem almanaksvinnan var, réðust þeir doktor Ólafur og Porkell skjótlega eftir að þeir höfðu fengið því framgengt, að stofnuð yrði stærðfræðideild við Menntaskól-

ann. En áratug fyrr, árið 1913, hafði verið reynt að koma þessu á, og lá þá fyrir útgáfuleyfi frá réttum dönskum yfirvöldum. Segir dr. Jón Porkelsson, að

þegar það var fullráðið að breyta almanakinu og gefa það út hér á landi, var það tilætlunin að ganga frá því hér frá grunni, og hafði *Dr. Ólafur Daníelsson* tekið að sér að sjá um allan útreikning þann, sem við þyrfti. Var hann búinn að reisa alla rímgrindina, en þegar kom til útreiknings á stöðu og gangi tungls og sólar, flóðs og fjöru, myrkva og annars þvílíks, reyndust tæki hér ekki fyrir hendi til þeirra hluta, og ekki náðist heldur til þeirra í svo tæka tíð, að hann gæti geingið frá þeim hluta almanaksins áður hann lagði í langferð, sem tekið hefir alt sumarið og hann fjarvistum verið.<sup>1</sup>

Þessi almanaksútgáfa stóð á gömlum merg. *Almanak hins íslenska Þjóðvinafélags* hefur komið út frá 1875, en *Almanak Háskólans* eða *Íslandsalmanakið* er miklu eldra, það er hið annað elzta tímarit á íslensku, næst eftir *Skírni*, því að árið „1837 hófust íslensk prentuð almanök, og fékk Kaupmannahafnarháskóli einokun á útgáfu þeirra með tilskipun 3. Febrúar 1836; hefir svo staðið síðan“, svo að aftur sé vitnað í Jón forna, en í þessum

<sup>1</sup>Jón Porkelsson: *Eptirmáli*, Almanaki hins íslenska Þjóðvinafélags 1914, bls. lxxx–xc; tilvitnun hér og á eftir á bls. lxxxvi og lxxxiv.

eftirmála hans er útgáfusaga rakin og sagt frá íslenskum almanökum og rím-bókum á fyrri tíð. Reikningarnir sjálfir voru í dönskum höndum en almanakið frá upphafi lagað að íslenzku tímatali og gerði það fyrst Finnur Magnússon prófessor en Jón forseti Sigurðsson tók við. En þótt Ólafur Daníelsson væri þannig hinn fyrsti Íslendingur, sem kallaður væri til þess að reikna almanakið, var hér vitaskuld á fyrri öld maður, sem hafði lærdóm til slíkra reikninga, Björn Gunnlaugsson. Frá árunum hinum næstu áður en Íslandsalmanakið hóf göngu sína, en þá höfðu menn dönsk almanök ein, eru til frá hans hendi *Nockrar einfaldar Reglur til að útreikna Túnglsins Gáng*, og eru þær skrifaðar „til að útskíra nockrar Reglur, er þénad gætu Løndum mínum til hjálpar, í því að vita hvað fram orðid sé“, svo sem hann segir í formála þessa boðsrits Bessastaðaskóla frá 1828, en þar segir hann einnig, og er það til marks um traust hans á lesendum sínum:

Eg þecki bændur vora svo, að eg veit að jafnvel margur þeirra muni skilja þetta Ritkorn, því bædi eru þeir mæta vel að sér í Reikningi og líka kunna þeir þar að auki adra fallega ment, sem er Tíma-reikningur og heitir Fingra-rím.

Svo reiknaði hann og gaf út árið 1836 *Töblur yfir Sólarinnar sýnilega gáng á Íslandi*, nánar tiltekið *Töblur yfir Sólaruppkomu, Sólarlag, Dögun og Dagsetur fyrir þrjá Íslands jafnfarabauga: vid 64° 65° 66° og Sjóndeildarhringsins Geislabrot 32' 50''*. Og á árunum 1845–46 gaf hann út *Leiðarvísí til að þekkja stjörnur*.

Ýmis konar íslenzk almanök og rím-töl höfðu verið prentuð hér áður. Verður þá einungis nefnt, að „eitt fyrsta rit-

ið, sem Guðbrandur [Þorláksson] gaf út, mun hafa verið almanaksbók (*Calendarium Islandicum*, 1576), sem nokkrar heimildir eru um, en sú bók er nú glötuð“. Þetta segir Þorsteinn Sæmundsson í formála að útgáfu sinni á hinn elztu prentuðu almanaksbók, sem varðveitt hefur, *Calendarium*, úr Hólaprenti 1597, en það er „Íslenzkt rím. Svo menn mættu vita hvað tímum ársins líður, með því hér eru ekki árleg almanök“, svo sem á titilblaði stendur.<sup>2</sup>

Einkaréttur Hafnarháskóla til almanaksútgáfu féll hér niður með sambandslögunum og var ákveðið með lögum árið 1921, að „Háskóli Íslands [skuli] hafa einkarétt til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi“. Hefur útgáfa á *Almanaki fyrir Ísland* verið byggð á þeim síðan.<sup>3</sup> Almanaksútgáfan var þá að fullu komin í íslenzkar hendur ásamt þeim reikningum, sem hún byggðist á, og var það í bókstaflegri merkingu, því að allt var þá reiknað í höndunum. Með þessu rættist langþráð ósk, sem forseti Þjóðvinafélagsins, Benedikt Sveinsson, lét í ljós á baksíðu *Almanaksins* 1919, þar sem hann lýsti hrakfallasögu af útgáfunni það árið: „Ég vona, að þetta verði í síðasta sinn, sem sækja þarf almanakið til Khafnar.“ Fram kom í greinargerð með lagafrumvarpinu 1921, að upplag einmitt þessa árgangs, sem svo hraktist, var „einu eintaki fátt í 19 000“, og sýnir það, hversu útbreitt ritið var. Að settum þessum lögum gerði Þjóðvinafélagið Háskólanum tilboð, sem lagt var fram í háskólaráði 17. desember 1921, „um kaup á einkarjetti til útgáfu almanaks um næstu 5 ár“. Var því tekið í aðalatriðum og 29. apríl 1922 lagði háskólaráð blessun sína yfir þann samning, sem rektor hafði

<sup>2</sup>*Calendarium* — Íslenzkt rím 1597, formáli eftir Þorstein Sæmundsson, Rvík 1968; tilv. á bls. 6–7.

<sup>3</sup>Lög nr. 25, 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

gert við félagið; hélzt sú skipan í hálföld. Um leið samþykkti ráðið, „að Þjóðvinafélagið feli þeim dr. phil. Ólafi Daníelssyni og forstöðumanni löggildingarstofunnar Þorkeli Þorkelssyni útreikning og ritstjórn almanaksins“.

Löggjöfin 1921 var undirbúin af landsstjórninni í samráði við háskólaráð. Samkvæmt henni skyldi leggja „hreinan arð“ af útgáfunni „í sjerstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi.“ Áður en frumvarpið var lagt fram hafði háskólaráð lagt til 3. marz 1921, að sjóðurinn fengi þetta heiti og að „honum sé á sínum tíma varið til eflingar stærðfræðilegra vísinda á Íslandi“. Lögunum var breytt lítið eitt 1958, og sömdu Ármann Snævarr og Leifur Ásgeirsson það frumvarp af hálfu Háskólans.<sup>4</sup> Þetta ákvæði var þá orðað svo: „Tekjum sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi.“ Í *reglum um Almanakssjóð* staðfestum af ráðherra er svo nánar tilgreint, hvernig sjóðnum skuli varið, og er sjálfur útreikningur almanaksins þar í fyrirrúmi.

Almanaksreikningar þeirra Ólafs Dan og Þorkels stóðu lengi, hið síðasta almanak þeirra var um árið 1951. Á fundi háskólaráðs 18. ágúst 1950 var lagt fram bréf þeirra „þess efnis, að þeir sjái sér ekki fært að taka að sér útreikning almanaks fyrir 1952, en þeir hafa reiknað almanakið síðastliðin 29 ár“, og er síðan bókað: „Samþykkt að biðja próf. dr. Trausta Einarsson að taka þetta starf að sér.“ Fáskipað hefur verið á þessum fundi, því að undir fundargerð rita einungis Alexander rektor, Einar Ólafur Sveinsson og Leifur Ásgeirsson. Orðalagið gæti bent til þess, að samþykki

Trausta hafi ekki legið fyrir, og er ljóst, að hann hefur ekki tekið þetta að sér einn. Hann hefur viljað fá einn þessara háskólaráðsmanna í lið með sér, því að svo sem almanakið sjálft ber með sér tóku þeir báðir við, Leifur Ásgeirsson og Trausti Einarsson. Að sjálfsgöðu hlaut stjórnfræðingurinn að taka starfið að sér, en svo umfangsmikið nákvæmnisverk var naumast á eins manns færi. Leifur kunni vitanlega sína stjórnfræði, en við bættist hjá báðum áunninn lærdómur í rímfræði. Til marks um umfangverksins er það, að sögn Þorsteins Sæmundssonar, að þetta var talin tveggja mánaða vinna hjá hvorum, og má bæta við, að útreikningur fyrir allt árið á sólaruppkomu einni sér ásamt sólsetri mun hafa verið full vikuvinna, en þá var sólargangurinn reiknaður einungis fyrir einn dag í viku hverri.

Ekki segir af því, hvernig Leifur og Trausti tryggðu sér, að rétt væri reiknað — með öðru en því að halda í heiðri hið æðsta boðorð, að hvika hvergi frá ýtrustu vandvirkni í hverri reikningsfærslu. En af því er saga, að doktor Ólafur hafði sinn hátt á því eftirliti. Heima í stofu á Miklubraut var nefnilega í gluggakistu þar til mörkuð skora, og skyldi á hana falla skuggi af gluggapósti, þegar sól væri í hádegisstað. Voru á því hafðar gætur, hvort skuggi færðist á skoru á þeirri stundu, er út hafði verið gefin. En það vita glöggir lesendur almanaksins, að hádegi færir frá degi til dags, svo að hleypur á hálfri stundu yfir árið. Það er raunar býsna nákvæmt eftirlit, sem fæst á svo frumstæðan hátt; án þess að gluggakista sé neitt óvenjulega djúp gæti einnar mínútu frávik upp-götvast með þessu móti. Og slíka skoru mun Björn Gunnlaugsson áður hafa gert sér í Lærða skólanum. Þar var lengra í

<sup>4</sup>Drög að frumvarpi samþykkt í háskólaráði 13. september 1957.

gluggapóstinn og nákvæmni því meiri, hafi „rispan í skólaganginum“ á annað borð verið rétt mörkuð. En á því var byggt, því að eftir henni var sjálf dómkirkjuklukkan stillt og eftir henni aðrar klukkur bæjarbúa.<sup>5</sup>

Almanakstið Leifs varð ekki samfelld vegna dvalar hans vestanhafs. Fyrri fjarvistarárið kom staðgengill hans í verkfræðideild einnig þar í hans sæti, Bjarni Jónsson, og reiknaði ásamt Trausta almanakið um árið 1956, en Guðmundur Arnlaugsson árið eftir. Almanakið 1958 reiknuðu Leifur og Trausti og hélzt svo til almanaksins 1963. Leifur lét af ritstjórn jafnskjótt og hann hafði fundið mann til að taka við, en Þorsteinn Sæmundsson réðst til Eðlisfræðistofnunar Háskólans í ársbyrjun 1963. Nálega þrjár áratugir voru þá liðnir frá því að Trausti lauk námi og voru ekki lífs aðrir Íslendingar með stjórnufræði að aðalgrein en þeir tveir, Trausti og Þorsteinn. Almanökin frá 1964 til 1969 reiknuðu þeir saman en Þorsteinn einn eftir það. Hafði Trausti þá reiknað átján almanök alls og voru orðin mikil umskipti síðustu árin, því að reikningar voru þá í auknum mæli unnir í tölvu. Þegar Reiknistofnun Háskólans var komið á laggirnir í árslok 1964, voru það einmitt almanaksreikningarnir, sem fengu fyrsta verknumérið, sem Háskólanum var úthlutað. Þá

var byrjað að semja reikniforskriftir fyrir tölvu (rafeindareikni) þeirrar

stofnunar til að auðvelda almanaksútreikninga. Var tölvun notuð í fyrsta sinn við undirbúning almanaks fyrir árið 1966. Í þessu almanaki (1967) eru töflur um sólargang, tungl og reikistjörnur reiknaðar með tölvu Reiknistofnunarinnar. Jafnframt var tölvun notuð til að prófa útreikning á myrkvun Satúrnusar.<sup>6</sup>

Og einmitt þarna, í þessari tilvitnun, fæddist orðið *tölva* á prenti, fyrst í fylgd með öðru orði, en síðan jókst áráðið og það hélt fram á ritvöllinn eitt og óstutt. „Ég setti orðið fyrst á prent [þarna]“, sagði Þorsteinn Sæmundsson síðar. En mátt hefði hann segja, og einnig þá með sann: „Ég setti orðið *fyrstur* á prent, og það var þarna.“<sup>7</sup>

Árin, sem doktor Ólafur og Þorkell reiknuðu almanakið, birtu þeir greinar til fróðleiks og upplýsingar um tímatal og rímfræði. Slíkar greinar urðu fleiri, stuttar en efnismiklar, á þeim tíu árum alls, sem Leifur og Trausti voru saman ritstjórar, og urðu einnig fjölbreyttari að efni. En allan þennan tíma frá upphafi útgáfunnar hér voru þeir rígbundnir af, að almanakið sjálft eða *rímtalið* var einungis 24 síður. Frá því að Þorsteinn Sæmundsson kom að útgáfunni hefur *Almanak Háskólans* þroskzkt svo að vizku og vexti, að það hefur ferfaldazt að síðutali.

Helztu greinar eftir Ólaf Dan og Þorkel í almanakinu sjálfu voru tvær og birtist hvor þeirra nokkrum sinnum í aukinni og endurbættri gerð. Í lokagerð

<sup>5</sup>Tímavörður Reykjavíkur um langt skeið. Magnús Benjamínsson 85 ára í dag. Tímamerkin gömlu: Skjalda, sjöstirnið og rispan í skólaganginum, Mbl. 6. febr. 1938; einnig í riti Valtýs Stefánssonar: Myndir úr þjóðlífinu — Fimmtíu viðtöl, Rvík 1958, bls. 45–49. Þorsteinn Sæmundsson sagði mér frá skoru Ólafs, en á heimilið kom hann ungur að árum; Kristín Kaaber, dóttir Ólafs, sagði mér frá henni síðar. Hún sagði einnig frá rispu Björns, en þá vitneskju hafði hún úr viðtalinu í bók Valtýs, sem hún vísaði mér á.

<sup>6</sup>[Þorsteinn Sæmundsson:] *Um heimildir og útreikning almanaksins*, Almanaki 1967, bls. 40.

<sup>7</sup>Þorsteinn Sæmundsson: *Um vikur ársins, almanök og orðið „tölva“*, Tölvumálum 7 (1982), 5. tbl., 9–12; tilvitnun á bls. 11. Sigrún Helgadóttir: *Um uppruna orðsins tölva*, Tölvumálum 18 (1993), 4. tbl., 28–29. Baldur Jónsson: *Um orðið tölva*, birt í *Sagnþingi helguðu Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, Reykjavík 1994, bls. 33–44.

sinni voru þetta greinarnar *Sumarkoma, sumarauki og vetrarkoma í Almanaki 1948* og *Gangur himintungla á norður- og suðurhveli jarðar í Almanaki 1951*.<sup>8</sup> Í *Almanaki Þjóðvinafélagsins* en utan við rímtalið sjálft birtu þeir svo framhaldsgrein undir heitinu *Um almanakið*, raunar er einungis fyrsti hlutinn beggja verk og er framhaldið á nafni Þorkels eins.<sup>9</sup>

Greinar þeirra Leifs og Trausta birtust án þess að höfundur væri tilgreindur og verður að telja þær beggja verk, nema annað sé beinlínis vitað. En nokkuð mætti ráða af efni, hvor eigi í hverri meiri hlut. Í fyrsta almanaki þeirra um árið 1952 er stutt grein, *Úr sögu hins íslenska almanaks*. Er hún með vissu talin eftir Leif og er hún endurprentuð í þessu riti [bls. 422].<sup>10</sup> Þar er gerð nokkur grein fyrir breytingum frá því að Jón Þorkelsson skrifaði áður nefndan eftirmála sinn, en enn var þar ítarlegasta útgáfusagan; slíka sögu er síðar að finna í *Almanaki Þjóðvinafélagsins 1969*.<sup>11</sup>

Í *Almanaki 1953* er greinin *Sólmyrkvar á Íslandi frá 700–1800 e. Kr.* Þar er tilgreindur 81 sólmyrkvi hér á landi og er rit eftir norska stjörnufræðinginn J. Fr. Schroeter helzta heimild þeirra. Meðal annars er þar getið hins orlagaríka sólmyrkva 31. ágúst 1030, en svo sem segir í *Ólafs sögu helga* var þá á Stiklarstöðum „veðr [. . .] fagurt, ok skein sól í heiði.

En er orrosta hófsk, þá laust roða á himininn ok svá á sólna, ok áðr en létti, gerði myrkt sem um nótt.“ Þar sem Ólafsmessu (hina fyrri), þá er féll Ólafur digri, ber að fornu tali upp á 29. júlí, er hér ekki allt sem skyldi. En Barði Guðmundsson taldi, að úr mætti greiða, og túlkaði hann fornar heimildir um Stiklarstaðaorrustu svo, að fram kom sá sólmyrkvadagur, sem stjörnufræðireikningar, gerðir árið 1833, höfðu sagt til um.<sup>12</sup>

Þessi grein var svo undanfari mikilla tíðinda á himnum uppi, og voru þau boðuð í *Almanaki 1954*. Þar er greinin *Almyrkvi á sólu 30. júní 1954*, og segir Þorsteinn Sæmundsson, að þeir hafi báðir, Leifur og Trausti, reiknað hann. En sjálf greinin hlýtur að vera verk Trausta; þar er fjallað um ljós fyrirbrigði, er verða sýnileg kringum sólróndina við almyrkva. Þarna fjallar hann um svo nefnda *kórónu* sólar, en þetta var einmitt viðfangsefnið í doktorsritgerð hans frá 1934;<sup>13</sup> hún „fjallar um mælingar, er ég gerði á birtu daghiminsins og þau áhrif, er hún hefir á sólrannsóknir“, svo að enn sé vitnað í umsókn hans frá 1945. Í almanaksgreininni um almyrkvann 1954 er fyrst minnt á, hversu fátíðir séu almyrkvar á sólu, en þá var 121 ár liðið frá síðasta almyrkva hér og fram hafði komið í yfirlitinu árið áður, að á þeim ellefu öldum, sem þar voru athugaðar, voru

<sup>8</sup> Allar greinarnar í rímtalinu, sem hér verða nefndar, birtust á sömu opnunni, bls. 22–23.

<sup>9</sup> Í *Almanaki 1937*, bls. 86–93; 1939, bls. 63–70; og 1940, bls. 69–74.

<sup>10</sup> [Þorsteinn Sæmundsson:] *Almanak Háskólans 150 ára*, Almanaki 1986, bls. 95. Í *Almanaki Þjóðvinafélagsins 1968* (bls. 155–194) er *Efnisyfirlit Íslandsalmanaks 1837–1967* og *Þjóðvinafélagsalmanaks 1875–1967*, sem Þorgerður Sigurgeirsdóttir tók saman; þar eru greinarnar taldar beggja verk nema þessi eina.

<sup>11</sup> Þorgerður Sigurgeirsdóttir: *Skyggnzt í sögu almanaksins*, Almanaki 1969, bls. 147–163.

<sup>12</sup> J. Fr. Schroeter: *Spezieller Kanon der zentralen Sonnen- und Mondfinsternisse, welche innerhalb des Zeitraums von 600 bis 1800 n. Chr. in Europa sichtbar waren*, Kristjáníu 1923; sjá sér í lagi bls. v–vi. Barði Guðmundsson: *Dagsetning Stiklastaðaorustu*, *Andvara* 62 (1937), 108–116. Sami: *Omkring Stiklestadslaget*, *Historisk Tidskrift* (hið sænska) 72 (1952), 151–161. Sjá einnig formála Bjarna Aðalbjarnarsonar árið 1945 í útgáfu Fornritafélagsins á *Heimskringlu*, 2. b., bls. xcii–xcviii. Sjá enn yfirlitsgrein eftir Anne Holtsmark, *Sol- og máneformørkelse*, í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*, 1.–22. b., Reykjavík 1956–78; 16. b., bls. 413–415.

<sup>13</sup> *Über die Möglichkeit fortlaufender Koronabeobachtungen*, *Zeitschrift für Astrophysik* 8 (1934), 208–224.

hér ellefu almyrkvar alls. Voru þeir mjög misdreifðir á aldirnar og voru lengst 264 ár milli þeirra. Sá er skynjaði undur sunnlenzkrar náttúru hinn sólfagra dag, er þessi síðasti almyrkvi hér á landi gekk yfir, og taldi sig uppfræddan um, hvað væri á seyði, getur betur sett sig í spor fyrri tíðar manna, sem voru alls óviðbúnir slíkri myrkvun.

Í *Almanaki 1955* er grein um *aldur heimsins* og tengist hún þeirri speki, sem löngu fyrr hafði verið borin á borð í almanakinu, því að þar segir í upphafi, að roskið fólk [muni] þá tíð, er almanakið hófst á því að tilgreina aldur heimsins á því ári, og raunar hélzt þetta allt fram á árið 1911. Voru þá talin liðin frá sköpun veraldar 5878 ár. Átti sköpunarárið að hafa verið ákvarðað eftir sköpunarsögu biblíunnar og öðrum frásögnum hennar. En 1911 var mönnum löngu orðið ljóst, að hér var aðeins um sögulega leifð að ræða, og síðan mun almanakið ekki hafa minnzt á aldur heimsins. Nú þykir eiga ekki illa við að líta á það mál frá öðru og nýrra sjónarmiði og gefa stutt yfirlit um niðurstöður vísindanna um það efni og tímatal ýmissa meginatburða í sögu jarðar.

Í *Almanaki 1958* er greinin *Nýjar aðferðir við nákvæmstu tímamælingar* ásamt smáklausu um *páska og þorratungl*. Í *Almanaki 1959* eru greinarnar *Gervitungl* og *Loftið hátt yfir jörðu* og um *geimgeisla* er fjallað í næsta almanaki. Í *Almanaki 1963* er greinin *Sólmyrkvinn 20. júlí 1963*.

Efnisins vegna má ætla, að Trausti eigi bróðurpartinn í flestum þessara greina. En ætla má um grein í *Almanaki 1961*, að þar sé hlutur Leifs ekki síðri. Heitir hún *Um nokkur atriði úr tímatali* og eru þar tekin skilmerkilega saman frumatriði tímatalsfraði eða rímfræði; sú grein er

endurprentuð hér í ritinu [bls. 424]. Enn frekar á það svo væntanlega við um síðustu greinina, sem hér verður nefnd, að hlutur Leifs er ekki síðri. Nefnist hún *Birta og vaka* og er í *Almanaki 1962*. Hér er tekið fyrir efni, sem hafði verið Leifi hugstætt lengi og höfum við kynnt því að framan, þar sem sagði af skólahaldinu á Laugum.

Í þessari grein er sýnt ársyfirlit, þar sem fram kemur annars vegar, hvenær sól er á lofti, bilið milli sólaruppkomu og sólseturs, og hins vegar, hvenær *dagljóst* sé talið, en tímamörk þess eru ákvörðuð af því, þegar miðja sólar er 6° undir sjóndeildarhring. Jafnframt er skilgreindur *vökutími* hvers sólarhrings og þá miðað við sextán stunda bilið frá klukkan sjö að morgni til ellefu að kvöldi. Fram kemur (og á það við um Reykjavík), að

af daglegum vökutíma eru þá að meðaltali 5,1 stund ekki sóllartími (sól ekki á lofti), og ekki dagljóst í 3,9 stundir. Betri nýting birtunnar fengist með því að taka daginn fyrr, en það er í öfuga átt við stefnu seinni tíma hér á landi og annars staðar. Til að koma slíkri breytingu á hefur það reynzt ráð að flýta klukkunni.

Og einmitt það hafði skólastjórinn á Laugum gert á sínum tíma, svo sem við höfum lesið um [bls. 59], en sú búmannsklukkan var einskorðuð við skólann sjálfan. Hvarvetna hér á landi hafði þetta verið gert tvö ár í fyrra stríði, 1917 og 1918, og síðan samfleytt frá 1939, þar af með óbreyttu sniði frá 1947. Ísland færðist þá að sumarlagi til austurs um eitt tímabelti. Fram kemur í greininni, að „við þessa færslu klukkunnar [sem þá var í gildi] fjölgaði sólarstundum alls vökutímans 1961 um nálægt 140, en dagljósum stundum um nálægt 105“.

Það var svo lögskipað nokkrum árum síðar, að „hvarvetna á Íslandi [skuli]

telja stundir árið um kring eftir mið-tíma Greenwich“.<sup>14</sup> Ísland hlaut þá sinn sess allt árið einu tímabelti austar en hnattstaða þess segir til um. Lagafrumvarp um þetta efni var samið að fengininni greinargerð frá ritstjórum Almanaksins, Trausta Einarssyni og Þorsteini Sæmundssyni. Það var meginatriði í þeirra máli, er þeir höfðu lýst ókostum þágildandi fyrirkomulags, „að það [væri] ekki flýttu klukkan að sumrinu, sem óþægindin skapar, heldur færsla klukkunnar fram og aftur tvisvar á ári“. Rökstuðningur var færður fyrir hinni flýttu klukku árið um kring, jafnframt því sem neikvæðra áhrifa var getið. Og ályktað var, að „þegar á allt er litið virðast því rökin hníga að því, að taka beri upp flýttan tíma hér á landi allt árið“.<sup>15</sup>

Minnisstætt er mér frá árunum eftir að breytingin gekk í garð, hversu mjög Leifur Ásgeirsson talaði gegn henni. Má það þó hafa verið honum erfitt, slíkar voru mætur hans á þeim, er að henni stóðu. En einnig verk vina sinna gagnrýndi hann af sinni háttvísi án tæpitungu. Ekki veit ég þó til um þetta mál, að hann hafi gert það á neinn opinberan hátt, hvað þá beitt sér gegn því sjálfu, svo vendilega sem að því var unnið. Afleiðingar þessa voru honum áhyggjuefni og náðu íhuganir ekki sízt til barnanna, sem urðu að vakna til skóla mörgum stundum áður en dagljóst varð. Nógu langt væri náttmyrkrið samt yfir háveturinn, frá fótaferð þar til dagljóst yrði, svo sem leiddi af hnattstöðu landsins einni sér, en við þetta mannanna ráðslag lengdist það um klukkustund dag hvern. En minnugur þessarar gagnrýni, sem kom fram í sam-

tölum og beindist að árdegismyrkrinu, þótti mér óvænt að uppgötva löngu seinna, að norður á Laugum hefði hann sjálfur komið á flýttu klukku *yfir vetrartímann*, því að „birtu þraut við útivist“ síðdegis. Svo gæti því virzt, að hann hefði verið ósamkvæmur sjálfum sér heilum mannsaldri fyrr — og hefur slíkt víst margan hent, án þess að verða talinn maður að minni. En sé betur að gáð, þarf ekki svo að vera. Tímabreytingin á Laugum var staðbundin og þar var heimavist, svo að ekki þurftu nemendur út í náttmyrkrið að morgni dags á leið í skóla.

Þótt Leifur Ásgeirsson léti af almanaksstarfi sínu árið 1963, hvarf það honum ekki úr huga. Hann fylgdist gjörlla með útgáfunni, bar fyrir henni umhyggju, veitti góð ráð og lét gagnrýni fylgja með til uppbyggingar svo sem honum þótti eiga við. En umfram allt hvatti hann mjög til þess, að ritið næði til almennings, að not þess yrðu almenn, að menn lærðu á himinhvolfið, að menn „[gleddust] af að skoða himininn til fróðleiks og yndis og huggunar“, svo sem Jónas Hallgrímsson lýsti fyrir sitt leyti í formála sínum að *Stjörnufræði Ursins*.<sup>16</sup> Þá vísindagrein þurfti ekki að lofa, sagði náttúrufræðingurinn einnig, sem sú „bók var ætluð til að fá alþýðu vorri nokkurt skynbragð á, því næturnar gera það hvur eftir aðra og kvöld og morgunn og dagurinn „frá uppgöngu og til niðurgöngu““.

Í því *Íslandsalmanaki*, sem gefið hefur verið út í meira en 160 ár, er fjölbreyttan fróðleik að finna, sem hver sá maður nýtur, er skoðar himinhvolfið opnum augum og fylgist með, er máninn líður.

<sup>14</sup>Lög nr. 6, 5. apríl 1968, um tímareikning á Íslandi.

<sup>15</sup>Sjá *Alþingistíðindi* 1967, A 1183–1184.

<sup>16</sup>*Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*, 1.–5. b., Reykjavík 1989; 3. b., bls. 313–467; tilvitnanir á bls. 313. Frumútgáfa: *Stjörnufræði, ljett og handa alþíðu*, eptir Dr. G. F. Ursin stjörnuspeking og háskólakjennara. Jónas Hallgrímsson íslenskaði. Videiar Klaustri 1842.